

1866.  
11. júlí.

tala verði álitin sveitarþurfi, þar sem það hefir sannazt í málinu, að sonur hennar, er áður var um getið, er fær um að sjá fyrir henni.

13. júlí.

**66. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins og amtmannanna á Íslandi, um bann gegn flutningi á skepnum frá Írlandi til Íslands.**

Yður skal hér með kunngjört, í framhaldi af bréfum stjórnarráðsins 12. októbermán. f. á. og 27. febrúarmán. þ. á., yður til leiðbeiningar og til þess að þér auglýsið það á þann hátt, sem yður þykir best við eiga, að dómsmálastjórninni hefir þókt hlýða en fremur að leggja bann fyrir, að fluttar sæu til Íslands frá Írlandi skepnur þær og annað, sem um er getið í bréfinu frá 12. októbermán. f. á.

20. júlí.

**67. Bréf dómsmálastjórnarinnar til utanríkisstjórnarinnar, um sölu á frakknesku fiskiskipi.**

Eptir að dómsmálastjórninni hafði gefizt færi á í síðasta sinni 6. marzmán. þ. á. að skýra ítarlega frá álitinu á máli því, er risið hefir útaf sölunni á frakkneska fiskiskipinu P'Eugène frá Dunkerque, er strandað hafði nálægt Nesi í Norðfirði á Íslandi árið 1862, hefir utanríkisstjórnin getið þess í bréfi 29. f. m., að skýrslur þær, sem keisarastjórnin á Frakklandi hafi útvegað málinu til upplýsingar, gjöri það mjög vafasamt, hvort utanríkisstjórninni verði unnt að sannfæra frakknesku stjórnina um, að tildrög málsins sæu rétt hermd af þeim, sem kært hafa, eða að fá hana til að gjalda skadabætur fyrir tjón það, er kaupendurnir á uppboðinu á Íslandi biðu af því, að munirnir, sem seldir voru, voru teknir burtu, og að utanríkisstjórninni því eptir öllum málavöxtum virðist vera ástæða til að láta málið falla